

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10

Dagsetning
19. nóvember 2007

Tilvísun
A-8
LÖ/bb

150 REYKJAVÍK

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis, dags. 31. október s.l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Lánasýslu ríkisins, 87. mál, afnám stofnunarinnar og flutningur verkefna til Seðlabanka Íslands.

Í frumvarpinu er lagt til nýtt fyrirkomulag á umsýslu með lánsfjármálum ríkissjóðs með hliðsjón af þróuninni á fjármálamarkaði á síðustu árum. Nú hefur ríkissjóður dregið sig út af smásölumarkaði verðbréfa og selur eingöngu til viðskiptavaka. Þá hefur lánsfjárbörf ríkissjóðs dregist verulega saman á síðustu árum. Við þessar aðstæður er talið hagkvæmara að færa verkefni Lánasýslu ríkisins til Seðlabanka Íslands, sem annast hefur um erlend lánamál ríkissjóðs. Lánaumsýslan verður þannig á einni hendi sem tryggja mun betri yfirsýn og meiri skilvirkni.

Ríkisendurskoðun hefur engar athugasemdir fram að færa við ofan greint frumvarp.

Sj/pw
